


ÞÚLSINN



Bókasafn
Grundaskóla



EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS

Trésmiðjan Akur hf.
Híbýlamálun
Garðars Jónssonar
Haraldur Böðvarsson hf.
Málningarbúðin
Tannlæknastofa Jónasar
Geirssonar
Smurstöð Akraness
Þorgeir og Ellert hf.
Versl. Einar Ólafsson
Sýslumaðurinn á Akranesi
Fasteignasalan Hákot
Handraðinn ehf.
Fasteignamiðlun Vesturlands
Bókaskemman
Bókaverslunin
Andrés Nielsson
Akrasport
Akranesveita
S. Sverrisson
Borðtennisvörur o.fl.
Rafþjónusta Sigurdórs
Sjóngerið
Prentverk Akraness hf.
Skagaver ehf.
Sjóvá-Almennar

Olís-Nesti
Almenni Ökuskólinn ehf.
Ökukennsla - Ökuskóli
Hljómsýn
Verkfræðipjónusta Akraness
Blikksmiðja
Guðmundar Hallgrímssonar
Hörpuútgáfan
Hjá Allý
Brautin ehf.
Tungusól
Þorgeir og Helgi
Bíla - og vélþjónusta Hjalta
Axelsbúð
Eldvarnamiðstöðin
Runólfur Hallfreðsson
Hrói Höttur
Vídeóval
Hárhús Kötlu
Skútan
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar
Góa - sælætisaerð

JG 372.05 Púl 1999;1 16759461

Púlsinn :
1994(1)

Grundaskóli

Frá ritstjórn

Skólablaðið er komið út. Enn eitt árið leggur 10. bekkur Grundaskóla út í slíkt risaverkefni sem er að gefa út skólablað. Síðustu ár hefur útgáfa skólablaðsins einkennst meira af eldhug en efnum og árangurinn orðið æði misjafn.

Í ár var ákveðið að blása til nýrrar sóknar enda ófært að jafn stór skóli og Grundaskóli skuli ekki gefa út stórt og glæsilegt skólablað. Til þessa hafa skólablöðin verið að mestu hugsuð fyrir unglingadeild skólans og hefur efnisval tekið mið af því. Í ár hefur nýrri stefnu verið hleypt af stokkunum þar sem markmiðið er skólablað sem hæfir öllum nemendum skólans. Efnisval er fjölbreytt og á að höfða til breiðs hóps. Grundaskóli er góður skóli. Þar er unnið gott starf sem þarf að segja frá og vert að veita at-

hygli. Þetta skólablað er framlag árgangs 1983 af því tilefni. Skólablaðið er einnig kveðjublað til annarra nemenda og starfsmanna þar sem við drögum saman skólagöngu okkar og reynum að benda á allt hið góða sem við höfum notið s.l. 10 ár. Við vonum að

framhald verði á þessari útgáfu og teljum góðan stuðning og velvilja skólástjórnenda vera glöggt merki um að skólablað Grundaskóla er að festast í sessi.

Ritstjórn þakkar öllum þeim sem aðstoðuðu okkur við útgáfu á þessu blaði.



Skólasamvinna við Frakkland

Á síðasta ári hófst samvinnuverkefni milli Grundaskóla og unglingaskóla í bænum Angers sem er í Loiredalnum um 300 km frá París. Upphaf þessa verkefnis er að bréf barst skólunum frá Frakklandi þar sem óskað var eftir samskiptaskóla á Íslandi með það að meginmarkmiði að byggja sameiginlega upp enskukunnáttu með margvíslegum samskiptum. Þessari beiðni var svarað af árgangi 1983, núverandi 10. bekk. Strax eftir að beiðni Frakkanna hafði verið svarað komu hingað í heimsókn tveir fulltrúar til að skipuleggja samstarfsverkefnið. Hér er um hjón að ræða, Caroline og Francois Scheefer en þau hafa skipulagt samstarfsverkefni skóla á Íslandi og Frakklandi í mörg ár. Síðan þá hafa nemendur unnið að margvíslegum verkefnum s.s. kynningu á bæjarfélögum

sínum og landi, skrifað fjölda bréfa, sent tölvupóst, myndir og talað inn á myndbönd o.fl. Öll samskipti hafa farið fram á ensku og hefur þar fengist mikilvæg hjálfun. Þessu samskiptaverkefni lýkur nú í vor er 10. bekkur útskrifast úr Grundaskóla.

Á síðasta ári barst Grundaskóla heimboð til Frakklands þar sem samstarfsskólinn lofði móttöku og liðsinni sínu. Á fundi foreldra um mitt skólaár í fyrra ákváðu foreldrar nemenda og nemendur að þiggja heimboð Frakkanna og fara í ferðalag til Frakklands í maí 1999. Undirbúningur fyrir þessa ferð hefur síðan staðið yfir og hefur árgangurinn skipulagt með skólafirvöldum og foreldrum umfangsmikla fjáröflun. Frakklandsferð 10. bekkjar verður fyrsta skólaferðalagið frá Grundaskóla á

erlenda grundu. 10. bekkur Grundaskóla flýgur til Parísar þann 10. maí n.k. og fara 45 nemendur með ásamt 7 manna fararstjórn. Eftir landingu verður haldið með rútu til Angers. Þar munu frönsku nemendurnir ásamt foreldrum taka á móti okkar krökkum. Næstu dagana verður unnið að ýmsum samstarfsverkefnum svo og ferðast um nálæg héruð og borgir. Þann 16. maí verður haldið frá Angers til Parísar á ný en þar munu nemendur dvelja í þrjá daga. Dagskráin þar er þétt skipuð frá morgni til kvölds. Sögufrægar byggingar og söfn skoðuð, farið í skemmtigarða o.fl. Hópurinn lendir síðan í Keflavík síðla dags þann 19. maí. Fjóröflunin hefur gengið mjög vel og vill 10. bekkur koma á framfæri þakklæti til allra er hafa stutt við bakið á árganginum í þessu verkefni.

Guðbjartur Hannesson, skólastjóri:

Skólastarf Grundaskóla 1998 - 1999

Nemendur og starfsfólk

Í vetur eru nemendur skólans 454 í 24 bekkjardeildum. Strákar eru 255 eða 56 % og stúlkur 199 eða 44%. Vikulegur kennslutími nemenda hefur aukist og það verður sífellt erfiðara að gera við-undandi stundaskrár í tvisetnum skóla.

Fjöldi starfsmanna er svipaður og undanfarin ár, kennslumagn og kennarafjöldi eykst þó lítillega. Í vetur starfa í skólanum 36 kennarar í u.þ.b. 32 stöðugildum auk skólastjóra. Að auki eru 2 skólarit- arar, húsvörður, 4 gangaverðir, matráður, 3 starfsmenn skóladag- vistar, stuðningsfulltrúi auk 8 ræstingarkvenna. Í skólanum star- far einnig Sigurveig Sigurðardóttir sálfræðingur á vegum skólaskrif- stofu og Hallveig Skúladóttir hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslu. Í heildina má segja að skólinn sé vinnustaður nálega 520 nemenda, kennara og annarra starfsmanna.


Grundaskóli hefur verið mjög heppinn með starfsfólk og í vetur eru allir kennarar skólans með full starfsréttindi.

Nýjungar í kennslu Próunarverkefni

Á hverju ári verða ýmsar breyt- ingar á kennslu, þó í heildina sé skólastarfið með líku sniði og und- anfarin ár. Ákveðnar ferðir eru

orðnar árvissar, svo og sjávarút- vegsbema 9. bekkjar, árhátíð nemenda, opin hús og dansleikir unglinganna og margt fleira.

Grunnskólarnir á Akranesi vinna áfram að þróunarverkefninu „Gerum góða skóla að betri skól- um“, verkefni sem á að innleiða gæðamat í skólastarfinu. Þarna er áriðandi að ná góðu samstarfi við nemendur og foreldra þannig að skólinn fái eðlilegt aðhald og gott samstarf náist um skólastarfið. Í tengslum við þetta verkefni er Grundaskóli þátttakandi í nor- rænu verkefni, þar sem markmið- ið er að koma gæðamatsumfjöllun á veraldarvefinn. Þá er í gangi þró- unarverkefni í stærðfræði í 9. bekk „Stærðfræði skiptir máli“, sem hefur að markmiði að þróa breytt kennslu- og matsform í stærðfræði á unglingastigi. Skólinn hefur tek- ið upp nýjar áherslur í stærðfræði- kennslu í framhaldi af umræðum um slakan árangur í stærðfræði. Þetta virðist ætla að skila sér í bættum árangri. Stundaskrár yngri bekkja hefur verið breytt á s.l. árum þannig að kennarar eru með nemendum samfelld allan morguninn, þ.m.t. í frímínútum. Þetta var tekið upp til að minnka líkur á einelti og auka öryggi nem- enda í skólanum og hefur gefist mjög vel. Þá hefur skólinn verið að þróa nýja námsgrein í 9. bekk, „daglegt líf“, sem líkist námsgrein- inni „lífsleikni“ sem verður í nýrri aðalnámsskrá fyrir grunnskóla. Skólinn hefur verið í samstarfi við



Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi um valgrein í rafeinda- fræði og hefur það samstarf tekist vel.

Gott félagsstarf

Félagsstarf skólans hefur verið með líflegasta móti undir styrkri stjórn Sigurðar Arnars kennara og öflugss nemendaráðs undir stjórn Friðu Bjarnadóttur. Meðal ný- unga á vetrinum er dagbók fyrir nemendur, sem grunnskólarnir gáfu út í sameiningu. Þá var brauðsölu skólans breytt þannig að nemendur kaupa sér matarkort, sem tryggir að peningar verða minna í umferð og foreldrar vita að peningarnir eru notaðir í hollt og gott nesti. Þessi breyting hefur kostað gífurlega vinnu sem ber að þakka, en mikil ánægja ríkir með þetta fyrirkomulag. Það eru 10. bekkingar sem sjá um brauðsöluna að venju en þeir stefna á lokaferð til Frakklands í vor. Nemendaráð- ið og skólinn standa sameiginlega að leiklistarnámsskeiði, sem nú er í gangi og þannig mætti áfram telja. Þá er þetta skólablað með breyttu formi og stefnt að því að þetta verði skólablað allra nemenda skólans, en undanfarin ár hefur blaðið einkum miðast við ungling- ana. Að venju ríkir gott samstarf á milli skólanna og Arnardals um fé- lagsstarfið.


Vaxandi foreldrarstarf

Foreldrafélag Grundaskóla og foreldraráð skólans hafa bæði farið vel af stað í vetur. Foreldrafélagið vinnur einkum að því að aðstoða foreldrafulltrúa einstakra bekkjar- deilda við þeirra störf auk þess að sjá um að skipuleggja foreldrarölt á föstudagskvöldum. Seint verður ítrekað mikilvægi góðs samstarfs foreldra og skóla.

Foreldraráðið er að undirbúa umfjöllun um skólanámsskrána og mun fjalla um ýmsar áætlanir skólans s.s. byggingaráætlun sem nú er verið að vinna vegna ein- setningarinnar. Formaður foreldrafélagsins var kjörinn Stein- unn Sigurðardóttir hjúkrunarfor- stjóri og formaður foreldraráðsins Björn Þórðarson sálfræðingur.

Skólareglur - agamál

Mikil umræða hefur verið í fjöl- miðlum um agamál í skólum og skólareglur og hefur þessi umræða að sjálfsögðu farið fram hér einnig. Þá hefur umræða um ofbeldi og vímuefni hvers konar fengið sinn tíma. Grundaskóli setti fáar reglur í byrjun um tillitsemi, gagnkvæma virðingu, góða umgengni og með- ferð eigna. Þar fyrir utan eru í skólanámsskrá reglur um meðferð agamála og um viðurlög við brot- um á reglum um meðferð tóbaks eða áfengis. Ljóst er að endur- skoða þarf skólareglurnar, gera þær skýrari og markvissari og



ákveða skýrari viðurlög við brot- um á þessum reglum. Það er auk- in krafa til skólans og foreldranna að aga börnin betur, í jákvæðustu merkingu þess orðs.

Ný aðalnámsskrá - einsetning

Væntanleg er ný aðalnámsskrá grunnskóla á næstu mánuðum og verða þar ýmsar breytingar á skólastarfinu. M.a. byrjar tungu- málakennsla fyrir og enska verður fyrsta mál í stað dönsku. Nýtt fag lífsleikni kemur á stundaskrá og allar kröfur og markmið verða skýrari en verið hefur. Þá er ætl- unin að koma til móts við nem- endur með sérlega góða náms- hæfileika. Þessi nýja aðalnámsskrá mun hafa umtalsverðar breytingar í för með sér á námsskrá skólans, en slík endurskoðun fer varla fram fyrir en í haust.

Í lögum er miðað við einsetn- ingu allra grunnskóla á Íslandi fyr- ir árið 2002 og hefur Akranesbær markað sér þá stefnu að byggja við báða grunnskólana og gera þá ein- setna haustið 2001. Þetta er löngu orðið tímabært og mjög mikilvægt fyrir allt skólastarf, en þetta hefur áhrif á ýmsa aðra þætti s.s. vinnu- tíma foreldra, tónlistarskólastarf, íþróttir o.fl. o.fl. Starfandi er ein- setningaráhópur sem vinnur að til- lögugerð varðandi einsetningu.

Stöndum saman um gott skólastarf

Eitt af sérkennum Grundaskóla hefur verið góð samskipti nem- enda og starfsfólks. Þessi samskipti byggjast á gagnkvæmu trausti og almennt eru nemendur traustsins verðir. Hér hefur ríkt gott and- rúmsloft, góður starfsandi, þar sem starfsfólk hefur verið óhrætt að prófa nýja hluti og breyta til, takast á við ný verkefni. Þessi vinna hefur einkennst af ósérhlífni og dugnaði og vona ég að þetta verði einkenni skólans áfram. Skólinn býr við góða aðstöðu sem enn á eftir að batna og við eigum ekki að sætta okkur við neitt ann- að en að skólinn verði til fyrir- myndar á sem flestum sviðum.

Ég óska nemendum og sam- starfsfólki velfarnaðar í skólastarf- inu og hvet foreldra til að koma í enn meira mæli til starfa með skólanum, börnum sínum til heilla.

Af líf og sál í 10 ár

Árgangur 1983 kveður

Það er svo undarlegt að vera komin á leiðarenda. Að horfa á 1. bekk koma í skólann uppfullan af áhuga. Kláran í að fást við allt sem skólinn hefur upp á að bjóða. Það er ekki laust við að sambland öfundar og fagnadar bærist í brjósti okkar. Fögnuður eða öllu heldur spenningur yfir því að vera að ljúka skóla-skyldu okkar og hverfa á ný mið. Hins vegar er því ekki að leynd að ótti og söknuður er strax farinn að gera vart við sig. Getum við ekki bara haldið áfram í Grundaskóla eða tekið hann með okkur?

Það var fyrir 10 árum eða haustið 1989 sem við gengum flest inn í Grundaskóla líkt og árgangur 1992 gerði í haust. Á móti

hlýju að leiðarljósi. Margt var brallað á þessum tíma og margt að minnst. T.d. þegar strákarnir eltu stelpurnar upp á hól í kiss-kiss


leik. Já, ástarlífið byrjaði snemma. Í minningunni er einnig sú stund er nemendur mættu a.m.k. hálf-tíma fyrr í skólann til að keppa og



horfa á „wrestling.“ Kunnátta í viðskiptum hóf inngöngu sína snemma. Á tímabili vildu allir vera að skipta á nestinu sínu. Það var ekki dónalegt að losna við brauð með mysing og fá brauð með kæfu í staðinn. Það komu ótrúlegir danshæfileikar fram strax í 2. bekk. Þá dönsuðu stelpurnar fáklaðdar í gammósíum og toppi. Stelpurnar hafa alla tíð haldið dansinum uppi allt upp í 10. bekk að strákarnir fóru að hafa áhuga á

okkur tóku þær Ásta Egilsdóttir sem enn starfar við skólann og Guðlaug Sverrisdóttir leikskólakennari á Garðaseli. Þær stóllur sáu um okkur í 1. bekk og reyndust okkur vel. Árgangurinn þótti liflegur og að sjálfsgöðu einstaklega hæfileikaríkur.

Í öðrum bekk var skipt um kennara og þær Eygló Gunnarsdóttir og Soffía Sigurjónsdóttir kennarar í Grundaskóla tóku við. Eygló og Soffía stýrðu skútunni allt upp í 7. bekk með öryggi og



að dansa VIÐ stelpurnar. Hvort áhuginn liggur í dansinum eða öðru látum við ósagt um. Það verður að gæta sanngirni. Sigurður Mikael sýndi svo sannarlega danshæfileika á bekkjarkvöldi í 6. bekk er hann tók Michael Jackson fyrir.

Allar sögustundirnar á teppinu voru yndislegar. Við minnumst þess að eitt sinn var sögustund í SS-bekknum. Soffía var látin fá Bert-bók til að lesa. Bókin var sérstaklega valin af strákunum því það voru dónalegar setningar í henni. Það vakti hins vegar athygli

okkar að það var sama hvað við létum Soffíu lesa hún sleppti öllum þessum setningum.

Hóllinn við Grundaskóla er mikill merkisstaður. Ófár orusturnar hafa verið um þennan hól í gegnum árin. Sérstaklega vill áhuginn fyrir hólnum vera meifi á veturna. Lif og fjör einkenndu frímínútur í Grundaskóla þá og gera enn. Flest okkar muna vel eftir því þegar Jóhann Pétur sýndi sannkallað áhættuatriði og stökk út úr gamla kastalanum sem var fyrir framan skólann. Snú, snú, París og teygjó. Já, það var virkilega gaman.

Í 7. bekk var skipt um kennara. Þær Eygló og Soffía ákváðu að nú



væri tími til kominn að skipta inn á og senda unglingsakennara á okkur. Gelgjan að byrja og ekki minnkaði hávaðinn. Árgangurinn stóð á tímamótum. Rósa Einarsdóttir og Sigurður Arnar Sigurðsson settust í kennarastólana. Nýir síðir fylga nýju fólki og það fengum við að finna. Ekki minnkaði fjörið í 7. - 10. bekk. Knattspyrnu-leikir í frímínútum ollu stöðugum erjum á milli bekkjanna svo miklum að varla var kennslufært heilu dagana. Strákarnir bæði slógust og grétu vegna úrslita einstakra leikja. Stelpurnar létu sitt ekki eftir liggja. Vinamálin í því líkri sálfræðilegri flækju að það var ekki fyrir neinn meðal sálfræðing að

leysa úr þeim málum. Á þessum árum uppgötvuðu drengirnir rakspírann og sulluðu honum í óhöfi á sig þannig að hver sem nærri kom var í vimu við það eitt að umgangast þá. Á þessum árum stækkuðu stelpurnar og stækkuðu en það hormón virtist vera eitthvað seinvirkt í strákunum. Í 7. og 8. bekk fóru stelpurnar allt í einu að sletta hárinu til og frá og mála sig eftir kúnstarinnar reglum. Allt í einu sáu þær ekki bekkjarbræður sína heldur aðeins eldri stráka. Af hverju láta stelpurnar svona sögðu strákarnir?

Það var feikna stuð í ferðalögum sem voru þó alltof fá. Skíðaferðirnar féllu flestar niður en í 9. bekk var stefnt á útskriftarferð til Frakklands. Ferð sem enn er í undirbúningi og verður sagt frá síðar. Við munum gera skólagönguna endanlega upp í kveðjuræðu þann 30. maí n.k. á lokadegi okkar í skólanum!!!

Dvöl okkar í Grundaskóla hefur verið mikill gleðitími. Við þökkum öllu samfylgdarfólki okkar ánægjuleg kynni og þolinmæði. Í vor gengur 46 manna hópur út úr skólanum og bætist í hóp eldri nemenda sem allir eru sammála um að Grundaskóli er göður skóli.

Lifið heil
Árgangur 1983.



Blómlegt félagsstarf

Eitt af aðalsmerkjum Grundaskóla síðustu ár er blómlegt félagsstarf nemenda. Nemendafélag Grundaskóla heldur úti öflugum félagsstarfi í skólanum. Félagið er

er m.a. rakin á öðrum stað í blaðinu, tölvuklúbb þar sem nemendur leiðbeina hver öðrum á sviði tölvutækninnar og ferðast á netinu um allan heim. Þá er starfræktur

skóla eru haldin opin hús alla miðvikudaga til skiptis í skólanum, böll á tveggja til þriggja vikna fresti auk stórdansleikja þrisvar til fjórum sinnum á ári. Hér er átt við hæfileikakeppni grunnskólanna þar sem nemendur koma fram og keppa í árlegri hátónsbarkakeppni. Auk hátónsbarkans geta nemendur troðið upp með annan listgjörning s.s. tónlistarflutning, leiklist, brandara o.fl. Hæfileikakeppnin var haldin í fyrsta skipti í þessari mynd á þessu skólaári og þótti heppnast með afbrigðum vel. Þá halda skólarnir sameiginlegt jólaball þar sem boðið er upp á glæsileg skemmtatriði. Kennarar taka alltaf þátt í þeirri dagskrá og skiptast kynin á að sjá um atriði kennara. Í ár skemmtu karlarnir og fóru gjörsamlega á kostum svo lengi verður í minnum haft. Árs hátíðarball er haldið í febrúar eða mars ár hvert og þar hefur m.a. verið keppt í ræðukeppni. Lokaball grunnskólanna er í maí en þá eru 10. bekkingar kvaddir af öðrum nemendum skólanna. Nemendafélag Grundaskóla heldur einnig kaffihúsakvöld, tekur þátt í árshátíð Grundaskóla og samsöng




einnig umsagnaraðili um hin ýmsu mál er varða nemendur í skólastarfinu. Nemendafélaginu stjórnar nemendaráð og það er skipað fulltrúum allra bekkja í 8.-10. bekk. Yngri bekkir eiga ekki fulltrúa í ráðinu en njóta ýmissar þjónustu á vegum félagsins s.s. hljómtækja, geisladiskaláni, diskunar o.fl.

Nemendaráð fundar a.m.k. einu sinni í viku og skipuleggur félagsstarfið. Helstu verkefni eru útgáfa dagbókar og nemendaskirteina í samstarfi við Brekkubæjar-skóla fyrir alla nemendur skólanna í 8. - 10. bekk. Dagbókin kom í fyrsta skipti út á þessu ári og heppnast útgáfan vel. Í dagbókinni er ýmislegt er tengist starfsemi skólanna s.s. mikilvæg simanúmer, skólareglur, upplýsingar um þjónustu sálfræðinga og sérkennara o.fl. Einnig eru þar afmælis dagar allra nemenda auk skóladagatala og stundataflna.

Nemendafélagið stendur fyrir margvíslegri klúbbstarfsemi s.s. leiklistarklúbb en starfsemi hans

íþróttaklúbbur sem sér um íþróttamót o.fl. Nemendafélagið gefur út þrjú til fjögur fréttabréf á hverju skólaári þar sem farið er yfir fjölbreytta dagskrá skólastarfsins hverju sinni.

Í samstarfi við Brekkubæjar-



í unglingadeild, stendur fyrir kvöldvökum í skólanum o.m.fl.

Starfsemi Nemendafélagsins er skólastarfinu ákaflega mikilvæg. Í félagsstarfinu eru unnin margvísleg uppbyggjandi verkefni undir leiðsögn kennara. Gera þarf fjárhagsáætlun, skipuleggja starfsemi, færa bókhalda, taka ákvarðanir sem skipta nemendum miklu máli og mikilvægt að rétt sé staðið að verki, fara yfir ýmsar áætlanir skólayfirvalda, taka á þeim málum sem koma upp s.s. skemmdum á skólahúsnæði og fylgja eftir góðri umgengni í skólanum. Nemendaráð þarf einnig að samræma starfsemi hinna ýmsu árganga svo ekki verði árekstrar s.s. varðandi fjáröflun en árlega stendur 10. bekkur fyrir fjölbreyttri starfsemi með leyfi nemendaráðs. Þar ber hæst rekstur braudsölu, gangbrautavörslu og margvísleg sölustarfsemi

í bænum. Nemendafélagið tekur einnig þátt í margvíslegri fræðslu og áróðri s.s. gegn reykingum, áfengisneyslu, einelti o.fl.

Nemendafélagið nýtur trausts skólayfirvalda í Grundaskóla og því trausti hafa nemendur reynt að standa undir. Nemendaráð hefur m.a. lykjavöld í skólanum og fundar utan skólatíma að vild. Segja má að gagnkvæmt traust skólayfirvalda og Nemendafélagsins sé hornsteinn blómlegs félagsstarfs í skólanum.



Tjáðu þig, elskan

Fréttir frá leiklistarklúbbi Grundaskóla

Um þessar mundir er verið að æfa hjá leiklistarklúbbi Grundaskóla léttan farsa er nefnist „Krimmi“ undir góðri stjórn hins ágæta Gunnars Sturlu. Þetta reynir mjög svo á andlega og líkamlega hæfni leikaranna (sem er mjög mikil). Ekki er vitað hvenær leikverkið verður sýnt en því er hægt að lofa að hér er gott verk á ferð. Það verður enginn fyrir vonbrigðum með þetta stykki. Í rauninni má reikna með að áhorfendur fari að mæta aftur og aftur til að sjá sýninguna og stórkostlega leiksigra.

Annað viðfangsefni leiklistarklúbbs er námskeið sem er undir stjórn Árna Péturs Reynissonar. Þegar námskeiðinu lýkur er búist við því að sett verði upp eitt af stórverkum leikhúsanna, eða þá eitthvað létt, lítið, skemmtilegt leikrit og sýnt almenningi.

Í leiklistarklúbbi Grundaskóla eru um 20 nemendur sem hafa

gaman af því að vera til og skemmta sér og öðrum. Félögum fjólgar stöðugt og starfsemin er í blóma. Nýir félagar eru alltaf velkomnir. Þetta er ekki spurning um að mega heldur bara að vilja og þora.

Leiklistarklúbbur í Borgarleikhúsinu

Við krakkarnir í leiklistarhópnum í Grundaskóla fórum á leikritið „Sex í sveit“ í Borgarleikhúsinu einn fimmtudag í desember. Við lögðum af stað kl. 17:00 frá Grundaskóla í bílum þeirra Sigurðar Arnars og Gunnars Sturlu. Þegar við komum til Reykjavíkur byrjuðum við á því að fara út að borða í Kringlunni. Eftir menningarlegar umræður um lífið og tilveruna fórum við í Borgarleikhúsið. Þar fengum við að skoða litla sviðið og fengum að fara baksviðs að sjá undirbúninginn fyrir

sýninguna. Þ.e.a.s. þegar leikararnir voru málaðir og undirbúnir fyrir sýninguna. Þar tókum við myndir og smá viðtal við Rósu Guðnýju Þórsdóttur. Auk leikaranna í verkinu „Sex í sveit“ hittum við stelpuna sem leikur Jan í leikritinu Grease. Við hittum líka Gísla Rúnar sem sagðist þekkja Gutta skólastjóra. Hún Edda Björgvins var í þvilkum ham baksviðs. Seinast fengum við að sjá stóra sviðið og allt þar í kringum, allan tæknibúnaðinn og fylgihluti. Það var sýningarstjórinn sem kallaður var GG sem sýndi okkur þetta allt saman. Eftir þessa fróðlegu kynnisferð hélt hópurinn út í sal, fékk sér sæti og horfði á sýninguna sem var mjög skemmtileg og líflig. Að lokinni sýningu hélt hópurinn heim á leið eftir ánægjulega menningarferð til höfuðborgarinnar. Allir voru sammála um að fara aðra ferð áður en skóla lýkur í vor.



Hjá okkur finnur þú leið til betra lífs

Taktu þér tak og skelltu þér í sund eða þrek. Prófaðu einnig ljósabekkina vinsælu.



Íþróttamiðstöðin
Jaðarsbökkum

Foreldrafélag Grundaskóla

Viðtal við formann foreldrafélagsins

Fyrir skömmu var ný stjórn kjörin í foreldrafélagi Grundaskóla. Ritnefnd skólablaðsins hafði samband við nýkjörinn formann félagsins Steinunni Sigurðardóttur og spurði hana út í starfsemi félagsins og væntanleg verkefni.

Hverjar eru áherslurnar í starfi foreldrafélagsins á þessu ári?

Þegar ný stjórn foreldrafélags Grundaskóla tók til starfa í nóvember s.l. ákváðum við að við vildum vinna að fáum málum en reyna að gera það vel sem við gerðum. Það eru fjögur mál sem við ákváðum að einbeita okkur að.

Í fyrsta lagi að ræða við sýslumanninn á Akranesi um aukid samstarf lögreglu og foreldra um m.a. útivistarmál, hjálmanotkun, forvarnarverkefni o.fl. Stjórnin átti fund með sýslumanninum og yfirlögregluþjóni í desember og komum við sjónarmiðum okkar á framfæri við þá. Okkur var mjög vel tekið og vonumst við til þess að eiga við þá ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

Í öðru lagi ákváðum við að út-búa starfsreglur fyrir foreldrafulltrúa í þeim tilgangi að auðvelda þeim störf. Stjórn foreldrafélagsins samþykkti reglurnar á fundi 1. febrúar og verða þær kynntar í sér-

stöku fréttabréfi frá foreldrafélaginu sem væntanlegt er í febrúar.

Í þriðja lagi ákváðum við að vinna að gerð svokallaðra foreldrasamninga, þ.e. samninga sem foreldrar og börn þeirra gera með sér og taka m.a. á útivistartímum, „partýum“, hvernig á að bregðast við notkun áfengis og annarra vímuefna o.s.frv. Þessir samningar höfðu til foreldra barna í 6. - 10. bekk. Fyrsti fundurinn um þetta verður haldinn í febrúar.

Í fjórða og síðasta lagi ákváðum við að óska eftir því við formann skólanefndar og forstöðumann skólaskrifstofu að foreldrar fengju að hafa áhrif á hugmyndir varðandi einsetningu Grundaskóla. Við höfum fengið loford fyrir því að á okkur verði kallað þegar undirbúningsnefndin sem vinnur að þessu máli fer að fjalla um innri mál skólans. Við teljum nauðsynlegt að sem flestir foreldrar geti komið sínum skoðunum varðandi þetta mál á framfæri við þá sem hafa endanlega ákvarðanatöku um einsetningu í hendi sér.

Hver er framtíðarsýn þín á foreldrafélaginu?

Ég hef ekki setið nógu lengi í þessari stjórn til þess að setja fram framtíðarsýn fyrir félagið. Þó hef ég verið nógu lengi til þess að átta mig á því að núverandi fyrirkomu-



lag, þ.e.a.s. að allir stjórnarmenn séu kjörin til eins árs í senn er ekki nógu gott. 2-3 í stjórninni þyrftu að vera þar í a.m.k 2 ár. Ég geri ráð fyrir því að núverandi stjórn komi með breytingatillögu varðandi þetta á næsta aðalfundi félagsins. Eins og fyrirkomulagið er í dag þá næst ekki nægjanleg festa í félagið. Það eru mjög mörg mál sem ég sé fyrir mér að þetta félag vinni að í framtíðinni en fyrst þarf að vinna að því að allir foreldrafulltrúar vinni markvisst saman. Síðan þyrftum við að vinna að markmiðum félagsins hver sem þau eru á hverjum tíma.

Að lokum vil ég hvetja alla foreldra til þess að hafa samband við stjórnarmenn og koma með ábendingar um þau mál sem þeir telja að félagið eigi að vinna að.

Núverandi stjórn er þannig skipuð:

Steinunn Sigurðardóttir formaður, Edda Agnarsdóttir varaformaður, Þórunna Halldórsdóttir ritari, Brynja Rós Jónsdóttir gjaldkeri, Katrín Leifsdóttir meðstjórnandi.

Á verði fyrir þig!

Samvinnuferðir-Landsýn

Breiðargötu 1 – Sími 431 3386 - Umboðsmaður: Kristján Sveinsson



Hrönn Ríkhardsdóttir, aðstoðarskólalastjóri:

Ameríkuferð kennara

Vorið 1998 fóru 30 starfsmenn Grundaskóla í skólaheimsókn til Bandaríkjanna, nánar tiltekið til Washington DC og New York. Þátttakendur voru bæði kennarar og annað starfsfólk og gerði það ferðina ennþá skemmtilegri og árangursríkari.

Unnið var að skipulagningu ferðarinnar í samvinnu við mjög virta bandaríska stofnun, Meridian International Center sem við komumst í samband við fyrir tilviljun. Til að gera langa sögu stutta má fullyrða að dagskrá ferðarinnar hafi verið afskaplega gagnleg, áhugaverð og skemmtileg.

Við lögðum af stað frá Grundaskóla um hádegisbil á annan dag hvítasunnna, fórum sem leið lá til Keflavíkur og þaðan með nýjustu

vél í flota Flugleiða til Baltimore. Ekki ætla ég hér að rekja ferðina í smáatriðum en geta helstu viðburða:

Fyrsta daginn fórum við í skoðunarferð um Washington með hreint frábærum leiðsögumanni. Hann sýndi okkur marga merkilegustu staði í borginni auk þess sem hann sagði svo skemmtilega frá og vissi margt. Það skemmdi heldur ekki fyrir að hann talaði afar skýra ensku. Af mörgu athyglisverðu var ógleymanlegt að koma að minnismerki Lincolns þar sem Martin Luther King stóð á tröppunum forðum og sagðist eiga sér draum um betri heim. Minnismerki um þá sem féllu í Vietnam lætur engan ósnortinn, ótrúlega áhrifamikil í einfaldleika sínum. Þeir sem hafa séð myndina um

Forest Gump muna sjálfsagt eftir því. Svo var einnig mjög gaman að skoða bókasafn þinghússins en það hefur verið gert upp og eru skreytingar þar stórkostlegar.

Næsta dag fórum við í Meridian og hlustuðum á fyrirlestur og þaðan í menntamálaráðuneytið til að hlusta á tvö erindi; annað um tölvunotkun í skólum og hitt um kennslu og áherslur í list- og verkgreinum. Deginum lauk á heimsókn í íslenska sendiráðið í Washington. Þar tók Sveinn Björnsson, sendiráðsritari og kona hans á móti okkur í fjarveru sendiherrans. Móttökurnar voru mjög glæsilegar.

Á fimmtudeginum sem var dagur þrjú í ferðinni var farið í skólaheimsóknir og stóðu þær allan daginn. Við fórum fyrst á skóla-



skrifstofu Arlington-sýslu, þar sem skólarnir voru. Arlington er stutt frá Washington, skólarnir þykja mjög góðir og þar eru engir einkaskólar sem segir sína sögu um gæði ríkisskólanna. Á móti okkur tók kona sem bauð okkur sæti í nokkurs konar bíósal. Reyndin var hins vegar sú að hér var um kennslustofu í stjórnufræði að ræða og var þetta algjör upplifun. Við settumst, hölluðum okkur aftur, hlustuðum á lága, ljúfa tóna meðan salurinn myrkvaðist. Smám saman vöndust augu okkar myrkriinu og við sáum móta fyrir stjörnum á „himninum“ fyrir ofan okkur. Við blasti heiðskirt, stjörnubjart kvöld, kennarinn sýndi okkur einstaka stjörnumerki og benti okkur á aðrar stakar stjörnur. Ógleymanlegt!! -

Við fórum svo inn í sjálfa skóla-skrifstofuna. Þar beið okkar hópur fólks sem sagði frá kennslu í myndlist, tónlist, listasögu og öðru því sem tilheyrir list- og verkgreinum. Við fengum að sjá sýnishorn af vinnu nemenda á öllum aldri og líka vinnu sem kennararnir höfðu lagt í undirbúning og skipulagningu kennslunnar. Þarna kom fólk og kynnti fyrir okkur hvernig tölvukennslan fór fram og hvernig

tölvur eru notaðar í skólum á svæðinu. Við fórum svo frá skóla-skrifstofunni í skólana sem við ætluðum að skoða. Okkur var skipt í 3 hópa eftir aldri nemenda okkar. Þessar heimsóknir voru mjög skemmtilegar og gagnlegar. Við fórum inn í bekki og fylgdumst með kennslu en vorum líka að skoða aðstæður og starfsumhverfi. Við komum margs vísari úr þessum heimsóknum.

Á föstudeginum sóttu flestir heim einhver þeirra fjölmörgu safna sem er að finna í Washington; flestir lögðu leið sína á Smithsonian söfnin, en það fór eftir áhugasviði hvers og eins hvaða safn þar varð fyrir valinu.

Laugardaginn 6. júní kvöddum við Washington og héldum með lest til New York. Um kvöldið fórum við á Broadway. Við sáum Titanic á sviði. Sýningin sem slík var ekki sérstök en það var gaman að sjá uppfærsluna og ekki síður spennandi að standa á Broadway á laugardagskvöldi og upplifa mannlífið.

Við fórum í skoðunarferð um New York á sunnudeginum og um kvöldið var sameiginlegur galakvöldverður á brasilískum veitingastað, meiriháttar flott og gott.

Skipulagðri dagskrá lauk á mánudeginum með heimsókn í Scholastic námsgagnaútgáfuna, sem er mjög fræg.

Við áttum svo þriðjudaginn fyrir okkur áður en við héldum heim um kvöldið með Flugleiðum frá New York.

Hér hefur verið sagt frá í mjög grófum dráttum því helsta sem fyrir okkur bar þessa daga. Það sem ekki hefur verið fjallað um, en er ekki síður mikilvægt er hinn félagslegi þáttur svona ferðar. Við erum vissulega ólík að ýmsu leyti en allir voru ákveðnir í að láta ferðina takast. Það kom ekkert upp á sem breytti því, við vorum saman í stórum hópum og smáum utan skipulagðrar dagskrár og skemmtum okkur hreint konunglega. Um þennan hluta ferðarinnar mætti vissulega fjalla í löngu máli og segja frá öllu því sem fyrir augu bar, en eins og gengur verður það bara geymt í hugum og hjörtum þátttakendanna einna, sem einir hafa fullan skilning á atburðarásinni.

Fyrir hönd þátttakenda
Hrönn Ríkhardsdóttir

Fyrirtækjakort ESSO

Aukið öryggi – einfaldara bókhald

Fyrirtækjakort ESSO er afar hentugt viðskipta- og greiðslukort fyrir nútíma-fyrirtæki með virðisaukaskattsnúmer.



Þó þetta blað sé að mörgu leyti öðruvísi en fyrri skólablað Grundaskóla er þó haldið í ákveðnar venjur. Ein af þeim venjum sem við fylgjum vegna fjölda áskoranna nemenda er árleg skoðanakönnun í unglingsdeild þar sem nemendur og kennarar eru sæmdir hinum ýmsu titlum. Niðurstöður kosninga á þessu skólaári eru eftirfarandi.

Skoðanakönnun

Glæsilegasta stelpa:

Í þeim flokki var hörd keppni eins og gefur að skilja enda er slíkur fjöldi fagurra kvenna í Grundaskóla að annað eins þekkist ekki. Maren Rut Karlsdóttir hafði þó sigur og er vel að því komin. Friða Bjarnadóttir hin æðislega formannsstýra NFG lenti í öðru sæti og Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir í því þriðja.



Glæsilegasti strákurinn:

Njáll Vikar Smáráson sigraði vin sinn Sigurð Mikael Jónsson sem lenti í öðru sæti. Reynir Már Sigmundsson var þriðji.



Best klædda stelpa:

Maren Rut Karlsdóttir sigraði í þeim flokki enda sérlega snyrtileg til fara. Í öðru sæti lenti Friða okkar Bjarnadóttir. Belinda Eir Engilbertsdóttir lenti í þriðja sæti.



Best klæddi strákurinn:

Fyrir valinu varð Alfred Gissurarson. Gísli Kr. Gíslason og Garðar Bergmann Gunnlaugsson veittu honum þó harða keppni.



Besta sálin:

Eyþór Friðriksson sigraði með nokkrum yfirburðum. Í öðru sæti var Bára Daðadóttir og Grétar Njáll Jónsson.



Flippaðasta týpan:

Edda Ósk Einarsdóttir hlýtur þá nafnbót í ár eftir harða baráttu við þau Belindu Eir Engilbertsdóttur og Axel Frey Eiríksson.



Tónlistargarpurinn:

Elsa Jóhannsdóttir hátónsbarki grunnskólanna og formaður listaklúbbs vann þá kosningu með yfirburðum.



Mesta breinið:

Í þeim flokki voru margir tilnefndir eins og gefur að skilja. Ragnar Björnsson sigraði. Harald Björnsson var í öðru sæti (þeir eru ekki bræður og með öllu óskyldir). Friða Bjarnadóttir lenti í þriðja sæti en hún kvæðst aðspurð alveg geta rúllað strákunum upp en þætti gott að vera ekki alltaf valin í fyrsta sæti.

Krútt skólans:

Sá titill hefur verið öðrum titlum eftir sóknarverðari. Í ár sigraði Kári Danielsson. Sigvaldi Egill Lárusson og Eyþór Friðriksson voru í öðru og þriðja sæti.



Kroppur skólans:

Hjá stelpum sigraði að sjálfsgöðu formaður vor Friða Bjarnadóttir en Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir lentu í öðru og þriðja sæti.

Hjá strákum sigraði Njáll Vikar Smáráson (allt þuð í þreksalnum hefur þá skilað sér). Í öðru sæti var Sigurður Mikael Jónsson (taka betur á Mikki) og í því þriðja var hestamaðurinn góðkenni Reynir Már Sigmundsson.

Íþróttagarpur

skólans var kjörinn með fáheyrðum yfirburðum Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir. Kjör hennar kom engum á óvart enda ný kjörin Íþróttamaður Akraness. Í öðru sæti kom einnig glæsilegur fulltrúi okkar Sigurkarl Gústavsson.



Bestu vinir skólans:

Í þessum lið voru svo margir tilnefndir. Flest atkvæði hlutu þó Njáll Vikar og Sigurður Mikael.

Tilveran

Hvað er ást?

Eyðis 2-ÓG
Maður er skotinn í hvor öðrum.



Ástþór 2-LK
Eithvað sem maður þykir vænt um og svoleiðis.



Arna 4-ÆE
Fólk er skotið í hvort öðru.



Guðmundur Ingi 5-SG
Karl og kona elskast.



Brynja 8-SK
Kærleikur og umhyggja




Thelma Sjöfn 9-SR
Þegar stelpa og strákur eru hrifin af hvort öðru.



Á verði fyrir þig!

Samvinnuferðir-Landsýn

Breiðargötu 1 – Sími 431 3386 - Umboðsmaður: Kristján Sveinsson



Um lífið og tilveruna eða þannig


Viðtal við 1. bekkinga

Fólk á öllum aldri er allt sitt líf að spá í lífið og tilveruna. Stundum er sagt að börn og unglingar sjái aðra hlið á lífinu heldur en hinir fullorðnu. Fulltrúar úr ritnefnd skólabladsins voru á ferð í 1. bekk á dögnum og tóku tvo nemendur tali.



Tómas.

Af hverju er himinninn blár?
Guð litaði hann svona.
Hver sendi okkur jólin?
Jesú sendi okkur jólin.
Hvað er sólin gömul?
Eitthvað svona 1.000 ára.
Af hverju hafa hundar hárf?
Því að hundar eru dýr og dýr hafa feld.
Hvar er sólin um næturnar?
Ég held að hún sé hinum megin á hnettinum.
Hver skapaði Guð?
Umm . . . náttúran og dýrðin.
Af hverju hafa pabbar skegg?
Af því að þeir eru karlmenn.
Af hverju er afar stundum feitir?
Jaaa, ha?
Af hverju er eldurinn heitur?
Sko, þegar að það er kveikt undir í arni þá hitnar eldurinn út af timbrinu . . . loginn er svo mikill.



Svava.

Af hverju er himinninn blár?
Guð fáttaði upp á því.
Hver sendi okkur jólin?
Jesú.
Hvað er sólin gömul?
Hún er svona 12 ára.
Af hverju hafa hundarnir hárf?
Svo að þeim verði ekki kalt.
Hvar er sólin um næturnar?
Bak við Akrafjall.
Hver skapaði Guð?
Jesú . . .
Af hverju hafa pabbar skegg?
Sko konur fá ekki, af því að þeir eru stærri en konur.
Af hverju er eldurinn heitur?
Af því að hann er bara heitur . . .
Af hverju verða afar stundum feitir?
Bara . . . þeir borða svo mikið.

Freyr Karlsson er nemandi í 4. bekk Grundaskóla.

Þessi kröftugi og brosmildi drengur hefur vakið athygli annarra nemenda skólans fyrir einlaga framkomu og skemmtilegt viðmót.

Freyr er með Down's heilkenni og er eini nemandi skólans sem svo er ástatt fyrir.

Við í ritnefnd skólabladsins vildum kynna þessum skólafélaga okkar betur og bekkjarsfélögum hans í 4. ÁE. Í stað þess að leggja fyrir hefðbundnar spurningar blaðamanna fengum við bekkinn til þess að vinna greinina og kemur afrakstur þeirrar vinnu hér á eftir.

Freyr er strákur í Grundaskóla. Hann er með Down's heilkenni og þess vegna á hann erfitt með að læra. Hann er í 4.ÁE og krakkarnir í þeim bekk eru góðir við hann. Hann byrjaði í 1. bekk. Hann var vöðalega feiminn fyrst en síðan vildi hann bara stjórna. En Ásta kenndi honum að hún átti að stjórna. Og nú er hann kominn í 4. bekk.

Við í bekknum hjálpum honum og leikum við hann. Freyr er góður strákur og það er gaman að leika við hann. Strákarnir leika mest við hann. Í frímínútum finnst honum skemmtilegast í Lögga og bófi og að leika sér að renna niður hólinn.

Við krakkarnir skipuleggjum og veljum hvaða krakkar vinna með Frey í eina viku. Við veljum á hvaða dögum við leikum við hann úti í frímínútum. Við spilum við hann einu sinni í viku og veljum hvaða krakki fer með honum í tölvu. Það er gaman að vinna með Frey. Hann er duglegur að vinna í Forminu (kennsluforrit). Hann er stilltur þegar við erum að hjálpa honum. Það er gaman að spila við hann.

Freyr á sérkennara sem heita Sesselja og Margrét. Þær kenna honum mest. En hann verður að reyna að gera sumt sjálfur. Margir kennarar segja að hann sé heppinn að hafa okkur sem vini. Þess vegna

„Ég vil ganga í sama skóla . . .“

er hann heppinn 9 ára strákur. Hann á marga góða vini í 4. ÁE.

Frey finnst gaman í skólanum og hann segir að krakkarnir séu skemmtilegir. Hann segist vera með skemmtilega bók. Hún heitir Tóta og tíminn. Homum finnst gaman að fönndra, lesa og spila. Hann segir að Björk sé besti söngvarinn. Hann segir líka að gangaverðirnir séu skemmtilegir.

Viðtal við Elínu móður Freys:

Hvernig fannst þér að fá að vita að Freyr væri svona veikur?

Mér brá auðvitað. En ég sá líka að Frey leið ekki illa. Þá varð þetta auðveldara.

Hver er upphaldsmaturinn hans Freys?

Hamborgarar, franskar og kók.

Viðtal við Marías:

Leikur þú oft við Frey?

Já.

Í hvaða útileiki ferð þú með Frey?


Alls konar leiki.

Hvað finnst þér skemmtilegast við Frey?

Hann er góður og hann fer eiginlega aldrei í fylu.

Viðtal við Gutta:

Hvernig finnst þér að hafa Frey í skólanum?



Mér finnst það dásamlegt.

Finnst þér hann góður í skólanum?

Já.

Finnst þér hann góður við krakkana?

Já, ég heyri ekki annað.

Finnst þér hann duglegur að hjálpa krökkunum?

Nú veit ég ekki.

Skilur þú hann?

Oftast.

Viðtöl við Margréti, Sesselju og Ástu:

Hvernig heldur þú að Frey líði í skólanum?

Sesselja: Ég held að honum líði vel en ekki þegar of erfið verkefni eru lögð fyrir hann.

Hvernig finnst þér að kenna Frey?

Allar: Mjög skemmtilegt og gefandi.

Hvað gerir þú með Frey?

Margrét: Ég kenni honum að lesa og telja og búa til sögur í Myndrún (kennsluforrit).

Sesselja: Við förum í L.T.B. (Likami - Tengsl - Boðskipti), vinnum með tákn með tali, flokkun, pörun, talningu, stafi o.fl. Ég fylgi honum í val.

Ásta: Ég er umsjónarkennari hans og sé um að hann fái stuðning ykkar og félagsskap þegar hann er ekki í tímum hjá Margréti eða Sesselju. Þið eruð mjög dugleg að vinna með honum.

Heldur þú að Freyr sé ánægður með þig sem kennara?

Allar: Við vonum það. Hann er alltaf góður við okkur og gleðst þegar hann sér okkur.



Krakkar yfirleitt opnari og frjálsari

Viðtal við Ólínu Jónsdóttur, fv. aðstoðarskólalastjóra

Hver er þessi glæsilega kona sem hefur fylgt og stjórnað í Grundaskóla frá stofnun, verið í fremstu víglínu skólalastarfs á Akranesi yfir 40 ár. Félagsmálmanneskja, leikari og menningarfrömuður. Ólína Jónsdóttir lét af störfum s.l. vor vegna aldurs eftir áratuga viðburðaríkt og farsælt starf sem kennari og síðar aðstoðarskólalastjóri í Grundaskóla. Fulltrúar úr ritnefnd skóla-bladsins sóttu Ólínu heim einn morguninn og ræddu við hana um lífshlaup hennar og störf.

Er við mættum á Háholtið var búið að flagga fána með merki Grundaskóla. Fáninn var Ólínu gefinn er hún lét af störfum s.l. vor. Hún tók á móti okkur hress (eins og henni einni er lagið) og bauð okkur inn í stofu. Hún bauð

okkur einnig upp á eplaköku og þönnukökur með öllu tilheyrandi.

Hvenær og hvar ertu fædd?

„Ég er fædd á Granastöðum í Kinn, S-Þingeyjarsýslu 1931 og ólst þar upp. Foreldrar mínir voru bændurnir Björg Kristjánsdóttir og Jón Pálsson.“

Ég gekk í skóla þar. Raunar var farskólakennsla á þessum tíma og skólaskyldan var frá 10 ára aldri en ég fékk náðarsamlegast að fara í skóla 8 ára, bara af því að það var kennt heima hjá mér þá fékk ég að vera með. Það var kennt þar sem var gott pláss á bæjum.

Ég lauk barnaprófi. Síðan fór ég nú ung að heiman, fór 15 ára gömul suður til Reykjavíkur, ekki af menntunarþörf heldur vegna þess að ég þurfti að fara í aðgerð með

handlegginn á mér sem hafði brotnað þegar ég var 5 ára. Þá kom heim eftir stríðið nýr doktor (Snorri Hallgrímsson) sem talið var að gæti lagað brotið.“

Förstu síðan í Kennaraskólann?

„Já en ekki strax. Ég var af og til í Námsflokkum Reykjavíkur í íslensku og stærðfræði. Þar kenndi mér m.a. Guðrún P. Helgadóttir síðar skólalastjóri Kvennasólans og það var hún sem hvatti mig mjög að fara í kennaranám. Ég innritaðist síðan í 2. bekk Kennaraskólans og lauk þar námi 1951.“

Ólína hóf sinn kennsluferil á Ólafsfirði og kenndi þá m.a. öllum stúlkum skólans leikfimi.

„Það var erfitt að fá

stöðu í Reykjavík á þessum tíma og ég sótti víða og endaði á Ólafsfirði.“

Eftir eitt ár þar færði Ólína sig til Hveragerðis, þar sem hún kenndi í 3 ár en á Skagann flutti hún 1955.

Ólína kynntist Þorvaldi Þorvaldssyni, síðar eiginmanni sínum, í járnbrautarlest á leið á vinabæjarmót í Tønder í Danmörku sumarið 1954. Þorvaldur, sem var í námi í Danmörku, var sendur sem fulltrúi Akranesbæjar ásamt Hálfðáni Sveinssyni þáverandi forseta bæjarstjórnar á þetta vinabæjarmót, en Ólína var á eins mánaðar ferðalagi í kennaraskiptum í Danmörku.

„Svo giftist ég á Akranes 1955 og hóf kennslu í Barnaskóla Akraness.“

Síðan hefur Ólína kennt við grunnskólana á Akranesi nær samfelld síðan. Hún tók sér fri í 5 ár samfleytt m.a. vegna barneigna og var þar af eitt ár í Hafnarfirði, „en síðan rak ég einn vetur smábarnaskóla heima hjá mér á Jádarsbrautinni“ og var þá í samkeppni við Háskólann á Geirsstöðum og tímakennslu Jónínu. Ólína og Þorvaldur eiga 4 börn, tvo drengi og tvær stúlkur. Þorvaldur lést sumarið 1985.

Ólína hefur alla tíð verið mjög virk í félagsstarfi á Akranesi og vel við hæfi að spyrja hana um þann þátt í lífi hennar:

„Á mínum yngri árum var ég alltaf heima að passa börnin mín,“ segir Ólína hógværlega, en „ég hef starfað í Norræna félaginu frá stofnun þess hér 1955 og hef starfað þar nær óslitið síðan. Ég hef verið oft í stjórn og um tíma sem formaður.“ Þá sagðist Ólína hafa starfað töluvert með leikfélaginu og verið þar formaður í 3 ár. „Ég lék smávegis“ sagði hún aðspurð.

„Ég hef alltaf verið áhugamanneskja um leiklist, fer mikið í leikhús og reyndi alltaf að fara með krakkana í leikhús þegar þau voru yngri.“

Ólína er í dag ritari landsbands Soroptimista og starfandi í klúbbum hér. „Þetta er alþjóðleg kvennahreyfing sem hefur á stefnuskrá sinni að bæta mannlíf almennt en sérstaklega að styðja við bakið á konum og þá ekki síst í löndum þar sem konur eiga erfitt uppdráttar.“

Loks nefndi Ólína afar merkilagan klúbb sem heitir Bókmenntaklúbbur Akraness, en hann hittist mánaðarlega, les bækur og spjallar um þær.

Ólína var einn af þeim kennurum Barnaskólans sem voru ráðnir við Grundaskóla við stofnun hans 1981, en þar hefur hún starfað síðan að undanskildu einu ári í Svíþjóð, er hún var við framhaldsnám ásamt Þorvaldi. Ólína varð fyrsti yfirkennari, sem nú heitir aðstoðarskólalastjóri, Grundaskóla haustið 1983.

Hún rifjaði upp hvernig aðstaðan var í byrjun. Nemendur fengu fri fyrstu 7 vikurnar haustið 1981 þar sem skólabyggingin var ekki tilbúin. Kennarar nýttu tímamann m.a. til að skoða skólalastarfa á höfuðborgarsvæðinu og til alls kyns undirbúnings og höfðu aðstöðu í gamla íþróttarvallarhúsinu. Kennaraaðstaðan var síðan allan veturinn á miðjum ganginum, stúkuð af með skápum. Í byrjun voru 166 nemendur, 7-9 ára, í skólanum, en árið á eftir bættust tveir árgangar við. Þá kom fram að þrír af fyrstu nemendum skólans eru í dag orðnir kennarar í skólanum þau Ólöf Guðjónsdóttir, Jón Þór Þórðarson og Sigríður Indriáadóttir.

Okkur lék forvitni á að vita hvernig Ólína mæti breytingarnar



á skólalastarfi á þessum tíma. „Það er náttúrulega langur tími síðan ég byrjaði að kenna,“ sagði Ólína og hélt áfram. „Ég veit ekki hvort maður tekur eins eftir breytingunum þegar maður er svona inni í þessu, það gæti verið að þeir sem kæmu utan að sæju þetta betur. Það hefur auðvitað orðið gífurleg breyting á skólalastarfi síðan þá og nemendurnir sjálfir hafa líka breyst með breyttu þjóðfélagi. Krakkar eru yfirleitt opnari og frjálsari en áður, þó það sé því miður ekki hægt að segja svo um alla. Mér finnst bera meira á því núna en áður hvað margir nemendur búa við slæma félagslega stöðu, en það er kannski vegna þess að skólinn hefur tekið þetta meira inn á sig. Áður voru það heimílin ein sem glimdu við slík vandamál en skólinn hefur farið að

hafa meiri afskipti af nemendum. Ég held að það sé til bóta að skólinn hugsi meira um aðstöðu nemenda og liðan og við höfum auðvitað okkar fagfólk til að fjalla um þetta. Þetta horfir allt til framfara.“

Orðið sérkennari þekktist ekki að sögn Ólínu og sjaldgæft að nemendur væru teknir einir og sér til að aðstoða þá í skólanum. Rifjað var upp að skólavikan var á sínum tíma lengri. Þá var kennt á laugardögum en Ólína sagði að það hefði verið lúxus í Hveragerði að þar var 5 daga skólavika, menn voru þar að spara sér skólaakstur.

Þá var skipt í bekkir eftir getu?

„Það var nú málið og ekki var það nú til að bæta félagslega stöðu nemenda sem minna máttu sín.“

Ég heyri að þú ert ekki hrifin af því svona eftir á?





„Nei alls ekki og heldur ekki á meðan það var,“ svaraði Ólína ákveðin. „Eins broslagt eins og okkur finnst það kannski í dag þá voru krakkarnir prófaðir inn í 7 ára bekkinn í lestri og raðað í bekki eftir niðurstöðu úr lestrarprófinu. Það var atkvæðafjöldinn sem gildi, hversu mörg atkvæði voru lesin á mínútu.“

Voru krakkarnir þá læsir þegar þeir komu í 7 ára bekk?

„Ja, það var reynt eins og mögulegt var að gera þá læsa áður en þeir komu í skólann.“ Foreldrarnir komu með nemendum í prófið og sagði Ólína sögur af foreldrum sem ýttu duglega á eftir börnum sínum í prófinu.

Ólína var spurð um sérstöðu Grundaskóla.

„Mér finnst hann hafa haft, sérstaklega á fyrstu árunum, talsverða sérstöðu. Grundaskóli var oft orðaður við „opinn skóla“ í byrjun, en mér finnst alls ekki hægt að kalla hann það, það krefst svo mikils til viðbótar því sem við höfðum og þá fyrst og fremst meiri peninga. Nær hefði verið að tala um skóla með „sveigjanlega kennsluhætti.“ Eitt af einkennum skólans er að hér hefur alltaf verið góð og mikil samvinna kennara, sem er nú lögskipuð og víðast í skólum í dag, en samvinnan var sérlega mikil hjá okkur í byrjun.“

Ólína benti á að nútíma aðferðir um að kennarar skoði kennslu hver hjá öðrum og veiti umsögn,

hafi tíðkast hér í byrjun m.a. vegna þess að stofur voru opnar og kennarar fengu tilsögn hver frá öðrum.

„Margt af því sem hefur verið tekið upp á seinni tímum sem þróunarverkefni er eiginlega nákvæmlega það sama og við gerðum hérna áður.“

Við vorum alltaf með krakkana í kringum okkur, nálægt okkur, og erum enn. Kennararnir eru á svæðunum hjá krökkunum. Við vorum sammála um að það sé eitt af sérkennum skólans að nemendur og kennarar hafa gott samstarf.

Mér finnst skólamálaumræða alltaf hafa verið mikil innan skólans. Skólahúsnæðið hefur breyst mjög mikið, það var orðið ansi þröngt um okkur. Mesta breytingin var að fá salinn, aðstöðu fyrir nemendur og bókasafnið. Sumir héldu að við værum orðin svo óþreyjufull eftir bættri vinnuáðstöðu kennara og skólastjóra en það var eiginlega ekki fyrr en að byggingin var komin að við sáum hve mikil bylting á vinnuáðstöðu þetta var fyrir okkur. Maður var ekki svo mikið að pæla í því, við vorum fyrst og fremst að hugsa um aðstöðu nemenda.“

Við ræddum þá sérstöðu Grundaskóla að allar skólastofur eru opnar nemendum í frímínútum, nemendur komast inn í stofur strax og þeir mæta á morgnana.

Ólína spurði okkur hvort við krakkarnir hefðum upplifað þetta

frjálslega umhverfi í skólanum. Við sögðum að við fyndum að okkur væri treyst, við fengjum að ganga um allt húsnæðið, koma inn á kennarastofu og fleira. Þannig væri það ekki í öllum skólum.

Hvernig finnst þér að vera kennari, hefur það alltaf verið gaman? Etladirðu alltaf að verða kennari?

„Já það hefur oftast verið gaman. Ég held ég hafi nú ekki stefnt að því sem barn að verða kennari en þegar ég tók ákvörðun um það þá held ég að þar hafi ráðið miklu að í kennarastofinu höfðu konur sömu laun og karlmenn. Það var ekki mjög algengt á þeim tíma og því miður ekki enn.“

Þú hefur alltaf verið jafnréttiskona?

„Já - á sumum sviðum. Ég var alltaf heima með börnin og á tíma sá ég eftir að hafa gert það en er orðin mjög sátt við það í dag. Ég valdi þetta sjálf, það getur enginn valið fyrir mann.“

Mér finnst mjög skemmtilegt að hafa tekið þátt í að móta þennan skóla og byggja hann upp alveg frá byrjun.

Þar sem mér hefur oft fundist skórinn kreppa í sambandi við skólastarf og menntun almennt er að mér finnst okkar samfélag ekki nógu meðvitað um nauðsyn menntunar. Það er ekki von að nemendur okkar almennt séu meðvitaðir um þessa nauðsyn og um góða virkni í skólastarfi ef þetta álit ríkir ekki í samfélaginu. Skólinn einn og sér getur auðvitað ráðið miklu um þetta álit en það vantar finnst mér svolítið meiri straum út í samfélagið, sem er kannski okkur að kenna líka. Við erum e.t.v. ekki nógu dugleg að virkja samfélagið, upplýsingastreymið er kannski ekki nóg. Það eru ekkert vodalega mörg ár síðan ég heyrði þetta orð „menntunarbörf,“ sem mér finnst svolítið gott orð. Við höfum mikla menntunarbörf sem þjóð meðal þjóða. Þá meina ég almenna menntun, ekki síður verknám en bóknám. Mér hris hugur á skilningsleysi gagnvart verknámi hér áður fyrr, sá hópur fékk alltaf færri tíma í skóla. Þetta var alltof lýrt, alltof

lélegur kostur þá. Við höfum lengi verið haldin þessari gáfna- og bóknámsdýrkun og ég tel að verknámi hafi ekki verið sinnt nóg. Þar þarf virkilega að taka til hendinni, það eru margir sem halda uppi mikilli verkþekkingu en skólakerfið hefur ekki sinnt þessu nóg.

Oft finnst mér nú að virknin mætti vera meira inni í skólanum, tímanýtingin miklu betri, en það sprettur ekki nema af miklum áhuga bæði kennara og nemenda og þessi meðvitund um að unga fólkið sé að læra fyrir sjálft sig og framtíðina. Sá skilningur er ekki meðfæddur og þarf að koma honum alls staðar að.“

Hver finnst þér skemmtilegasti tíminn í skólanum?

„Þegar eitthvað sérstakt er um að vera, þegar verið er að gera eitthvað skemmtilegt, brjóta upp hefðbundna kennslu. Allt svona finnst mér afskaplega jákvætt. Þetta er ekki bara skemmtilegt, þetta eykur virkni nemenda. Ef

nemandi er ánægður með sig þá verður hann virkari í námi og allt starfið gengur miklu betur.“

Hvað er skemmtilegast við að kenna?

„Það er bara allt. Já. Alltaf gaman að miðla þekkingu, að fá krakka til að hugsa og segja frá.“ Ólína rifjar upp samverustundir og samræður á „teppinu“ þar sem vel hafði tekist til og hún var sérlega ánægð með hópinn, þá spurði einn nemandinn: „Á ekkert að læra í dag“. Hún segir þetta kannski lýsa vel mismunandi hugmyndum um hvað er að læra.

Var alltaf skemmtilegra og skemmtilegra að kenna?

„Ég kenndi ekki svo mikið síðustu árin nema forföll, en það er allt öðru vísi kennsla. Þá er maður ekkert búinn að undirbúa sig og er eiginlega bara að bjarga málum fyrir einhvern annan. Það er gaman að sjá hvað krakkarnir eru að læra en það verður aldrei sama kennslan, ekki eins markviss. Við

höfum haft það markmið að senda krakka ekki mikið heim, láta ekki mikið falla niður. Ég tel að það skapi of mikið los og ýti undir það viðhorf að tímarnir skipti ekki svo óskaplega miklu máli. Fyrir utan það að yngri krakka er ekki hægt að senda heim vegna þössunarhlutverks skólans.“

Eitthvað að lokum.

„Ég vil svo bara að lokum óska skólanum allra heilla og að starfið þar fari sífellt batnandi, virkni aukist. Ég þakka samstarfsfólki mínu fyrir afskaplega góða samvinnu öll þessi ár, óska eftirmanni alls velfarnaðar í starfi og öllum sem starfa í Grundaskóla.“

Nemendur Grundaskóla þakka Ólínu fyrir frábært samstarf s.l. ár. Það er okkur mikill heiður að hafa fengið að njóta hæfileika þessarar merkiskonu og hennar er sárt saknað í Grundaskóla.

Björn S. Lárusson, foreldri:

Að skipta um skóla

Það getur verið ákaflega erfitt að þurfa að skipta um skóla. Alls konar tilfinningar koma til og ekki síst hvernig kennarar og nemendur taka okkur þegar við komum sem nýir nemendur og einnig hvernig okkur sjálfum tekst að aðlagast.

Það er mjög skýrt í minningunni þegar ég skipti um skóla og fór héðan frá Barnaskóla Akraness (nú Brekkubæjarskóla) árið 1966 í Hlíðaskóla í Reykjavík. Ýmsir síðir og ekki síst leikir voru allt öðruvísi í Hlíðarskóla en hér á Akranesi. Það er oft þannig að ef við erum aðeins öðruvísi en meiri hlutinn verðum við fyrir aðkasti hans. Þannig mætti ég í svörtum leikfimbuxum í fyrsta leikfímí-tímamann í Valsheimilinu (Skagamenn voru í svörtum buxum) en allir aðrir voru í hvítum eins og

Valsarar. Það var mikið gert grín að þessu.

Eitt það erfiðasta við flutning hingað á Akranes árið 1997 var það að strákarnir okkar þurftu að skipta um skóla, fara frá grunnskólanum á Selfossi í 8. og 9. bekk í Grundaskóla. Mundu þeir upplifa það sama og ég fyrir rúmum 30 árum? Krakkarnir á Akranesi höfðu flestir alist saman og þekktust frá æsku. Strákarnir þekktu allt og alla á Selfossi en engan hér. Hvernig yrði þeim tekið af nemendum og kennurum? Annar strákanna hafði æft handbolta á Selfossi en ég vissi að Akurnesingar kunnu varla að handleika bolta - Skagamenn spörkuðu boltum - gerðu það vel!!!

Ýmislegt kom líka upp sem hægt er að hlæja að á eftir. Skólastjórinn, sem kenndi þeim náttúrufraeði sagði að í næsta tíma

ættu nemendur að hittast í Kalmansvík. Biddu, hvar er það? Jú, við „spæleggið“? Jú, þú veist, hjá Olís. Nei, ekki hugmynd. Akranes var jafn framandi og Timbuktu.

En í stuttu máli. Það gekk allt saman mjög vel. Auðvitað hafa skólarnir batnað á þessum þrjátíu árum. Við áttum góð samtöl við kennara og skólastjóra sem sögðu okkur foreldrunum frá skólastarfinu og hvaða kröfur væru gerðar. Þeir kynntu strákunum skólann og leiðbeindu þeim á allan hátt. Á ótrúlega skömmum tíma kynntust strákarnir öðrum nemendum. Þessi þáttur flutningsins til Akraness var sem betur fer mjög ánægjulegur - eins og reyndar allir aðrir því Skagamenn hafa tekið okkur öllum í 5 manna fjölskyldu frábærliga vel. Við vitum að það er minna mál nú að skipta um skóla en það var fyrir 30 árum.

**Að nema...
ber ávöxt**

- Námuðebetkort, ekkert árgjald í 3 ár • Námu-reikningslán • LÍN-þjónusta
- Endurgreiðsla á skólafélagsgjöldum eða fundartaska • NÁMU-styrkir
- Einkaklúbburinn: Ókeypis aðild • Gjaldveyriskaup án þóknunar • Fjármálaráðgjöf

NÁMAN - Námsmannþjónusta Landsbanka Íslands

LANDSBANKI ÍSLANDS
NÁMAN

Foreldraráð Grundaskóla

Viðtal við formann foreldraráðs



Líkt og í foreldrafélaginu var ný stjórn kjörin í foreldraráð Grundaskóla fyrir á þessu skólaári. Ritnefnd skólablaðsins hafði samband við formann foreldraráðsins, Björn Þórðarson og spurði út í starfsemi ráðsins.

Hvada áherslur eru í vetur hjá foreldraráði og hvada hugmyndir myndi foreldraráð vilja vinna að í framtíðinni?

Foreldraráð á samkvæmt lögum að hafa áhrif á stjórn og skipulag skólans fyrir hönd foreldra og þannig óbeint fyrir hönd nemenda. Grunnskóli á að kenna og starfa í anda lýðræðis og þess vegna fá foreldraráð tækifæri til að koma skoðunum og tillögum á framfæri við skólann með formlegum hætti. Þess vegna starfar skólastjóri með foreldraráði og foreldraráð á einnig að hafa samstarf við kennararáð og nemendaráð. Við vonumst til þess að þessi ráð skólans fái tækifæri til að funda saman í vetur. Einnig eiga foreldraráð grunnskólanna einn fulltrúa í skólanefnd Akranesskaupstaðar.

Eitt aðal verkefni foreldraráðs samkvæmt lögum er að fara yfir skólanámskrá skólans, kynna hana foreldrum og skila umsögn um hana til skólans og skólanefndar. Í skólanámskrá á að vera lýsing á því, hvernig skólastjórn og kennsla á að fara fram á hverju skólaári. Núverandi foreldraráð hefur ein-

ig áhuga á að athuga hvort kennsla og skólastarfið sé eins og námskráin segir til um. Þess vegna styður foreldraráðið skólann í því að gera kannanir hjá sem flestum foreldrum um hvað þeim finnst um skólastarfið. Finnst foreldrum skólinn góður eða vita kannski foreldraráð ekki mjög mikið um það sem fer fram í skólanum?

Núverandi foreldraráð hefur reynt að koma til leiðar ýmsu tengdu skólastarfinu. Til dæmis á að bæta samstarf Grundaskóla og leikskóla bæjarins í tengslum við börn sem eiga að byrja í skólanum næsta ár með því að sami kennari kenni leikfimi, bæði leikskólabörnum og 1. bekkjum. Einnig hefur verið óskað eftir bættri stöðþjónustu við skólana, en enn vantar úrlausnir fyrir börn sem þurfa talkennslu og iðjuþjálfun. Einnig vantar námsráðgjafa. Foreldraráð hefur einnig komið með tillögur um að eldribekkingar fái kennslu í meðferð fjármuna sinna, svo eitt-hvað sé nefnt. Þá hefur fulltrúi foreldra í skólanefnd komið því á framfæri að foreldraráð vilji fá að fylgjast með og hafa áhrif á skipulag og framkvæmd einsetningar grunnskólanna.

Foreldraráð og foreldrafélag hefur áhuga á að koma á samvinnu við starfsmenn skólans um að auka heimsóknir foreldra í skólann, ekki bara hjá yngstu nemendum, heldur líka í eldri bekkjunum.

Við myndum líka vilja að foreldrar fengju meiri fræðslu um almennt skólastarf, kennslu og námsefni. Það myndi styðja foreldra því Grundaskóli ætlast til mikils af foreldrum við að aðstoða nemendur við heimanám.

Gutti hefur látið þá skoðun í ljós að hann vilji að foreldraráð sé aðhald fyrir skólann. Það er einnig góðs skóla að hann geti tekið við ábendingum og gagnrýni, sé hún á rökum reist. Þannig gerum við góðan skóla betri.


En við viljum líka styðja við bakið á skólanum, beint og opinberlega. Því hefur sú hugmynd fæðst að stofna Hollvínafélag um skólana á Akranesi til þess að styðja við það sem vel er gert. Þá myndi aðilum í bæjarfélaginu bjóðast að kynna, t.d. í fjölmiðlum, að þeir séu hollvínir skólanna og þar með auglýsa það sem vel er gert.

Verkefni foreldraráðs hafa verið mjög umfangsmikil fram til þessa, en með stofnun foreldrafélags getur foreldraráðið einbeitt sér betur að hlutverki sínu, eins og lögin segja fyrir um.



Söluaðili fyrir **FLUGLEIÐIR**

Samvinnuferðir-Landsýn

Breiðargötu 1 – Sími 431 3386 - Umboðsmaður: Kristján Sveinsson



Myndir úr skólalífinu 1998-1999




Grundaskóli, lifandi skóli

Fjöldi fólks hefur veitt því athygli hversu vel skólahúsnæði Grundaskóla er nýtt frá morgni til kvölds. Segja má að skólinn sé eins konar bæjar- og félagsmiðstöð eftir skólatíma. Ritnefnd skólablaðsins fór á stúfana og kannaði notkun skólahúsnæðisins.

Starfsemin sem fer fram í húsnæðinu er ótrúlega fjölbreytt og Grundaskóli stendur fullkomlega undir nafni sem lifandi skóli frá morgni til kvölds. Dæmi um þá starfsemi sem fer fram eftir að skóla lýkur er m.a. þessi: Nemendafélag Grundaskóla heldur úti margvíslegu félags- og klúbbastarfi, Leiklistarklúbbur æfir grimmt leikverk, tölvuklúbbur heldur fundi í tölvustofu, haldin eru spila- og kaffihúsakvöld, bekkjarkvöld, kvöldvökur, böll o.fl. Foreldrafélag og foreldraráð fundu ásamt bekkjarráðum. Kvinnakórinn Ymur æfir í sal skólans og kór eldri borgara hefur nú aðstöðu þar líka. Handverksfólk hefur haldið námskeið í skólastofum, aðildafélög ÍA nota skólahúsnæðið mikið m.a. til gistingar fyrir gesti sína og skipulagningu ýmissa fjárflyunarverkefna. Tölvunámskeið Tölvuskóla Reykjavíkur

eru í tölvustofu. Ýmis námskeið á vegum félagsamstaka og trúarfélaga eru haldin í skólanum. Sem dæmi má nefna námskeið í innhverfri ihugun, jóga, harmonikkunnendur æfa, Hvítasunnumenn funduðu um tíma hér og einnig kaþólskir, trimmarar hafa haldið námskeið, fjöldi hljómsveita og



tónlistarmanna hafa æft í skólanum, framhalds- og háskólanemar hafa fengið að vinna að ýmsum verkefnum. Þá hefur Rauði krossinn haldið skyndihjálparnámskeið, barnfóstrunámskeið og námskeið fyrir atvinnulausa auk stærri

fundu. Heilu afmælis- og fermingaveislurnar eru haldnar í skólanum auk fjölda námskeiða fyrir starfsmenn Akranesbæjar og bæjarbúa almennt.

Þessi upptalning er hvergi tæmendi en sýnir þó glögg hversu fjölbreytt starfsemin er í skólahúsnæðinu eftir að skóla lýkur. Notk-

un sem eflaust eykur álag á húsnæði og húsmuni en skilar sér margfalt í betra bæjarlífi. Ritnefnd skólablaðsins hvetur skólayfirvöld til að halda áfram á þessari braut enda á að vera líf og fjör í skólanum frá morgni til kvölds.



Gamlir nemendur koma til baka sem kennarar

Þó Grundaskóli sé aðeins þrjú kominn á sitt átjándasta starfsár þá hafa þrjú starfsmenn skólans náð þeim merka áfanga að hafa verið bæði sem nemendur og kennarar við skólann. Umræddir kennarar eru Sigríður Indriðadóttir sem kennir í 1. bekk, Ólöf Guðjónsdóttir sem kennir í 2. bekk og Jón Þór Þórðarson sem er íþróttakennari. Ritnefnd skólablaðsins ræddi við þessa merkisstarfsmenn Grundaskóla um dvölinna í skólanum.

Hvernig var að vera í Grundaskóla sem nemandi?

Ólöf: Það var mjög fint. Andrúmsloftið vinalagt og sérlega gott samband milli nemenda og kennara.

Sigga: Já ég er sammála þessu. Nemendum leið vel og kennararnir voru frábærir.



Jón Þór: Það var gott að vera í Grundaskóla. Skemmtilegt andrúmsloft, sterk tengsl milli nemenda og góð samskipti við kennara.


Hefur skólinn breyst mikið frá þessum tíma?

Ólöf: Skólinn hefur stækkað og kennararnir frá því ég var hér hafa elst. Í fyrra fór ég t.d. í Skorradal með 6. bekk og samstarfsmaður í

þeirri ferð var Elís Þór en hann fór einmitt með minn bekk þangað á sínum tíma.

Sigga: Starfsfólkinu hefur einnig fjölgað og umhverfi skólans orðið skemmtilegra.

Jón Þór: Já, hann er stærri, fleiri nemendur og kennarar.



Af hverju heillaði kennarastarfið ykkur?

Ólöf: Ég vissi ekki hvað mig langaði að læra. Ég sendi umsókn í Kennaraháskóla Íslands og komst inn og þá var ekki aftur snúið.

Sigga: Það bara gerðist. Ég sé ekki eftir því að hafa orðið kennari því þetta er líflegt og skemmtilegt starf.

Jón Þór: Ég hafði áhuga á að vinna í tengslum við íþróttir.

Vorud þið fyrirmyndarnemendur á sínum tíma?

Ólöf: Að sjálfsögðu.

Sigga: Auðvitað. Maður hlýddi öllu og gerði aldrei neitt af sér. Eða...

Jón Þór: Já. Að vísu þurfti ég einu sinni að fara til Gutta því ég kastaði „óvart“ snjóbolta inn um gluggann hjá honum.

Einhver skemmtileg atvik sem þið munuð eftir?

Ólöf: Í 9. bekk þegar árgangur-



inn minn hagaði sér óvart svo vel í skíðaferðalagi að við unnum sérstök verðlaun s.k. Silfurskíði.

Sigga: Það gerðist svo margt. Einu sinni fór árgangurinn minn í kröfugöngu kringum skólann. Við börðum Mackintosh's-dollur og vorum með kröfuspjöld sem á stóð „lengri frímínútur!“ Ég held að kennurunum hafi þótt þetta uppátæki dálítið skondið.

Jón Þór: Það er ekkert eitt atvik sem stendur upp úr heldur margar góðar minningar frá skólaferðalögum, félagslífi og íþróttum.

Hvernig er að starfa sem kennarar og hefur eitthvað komið ykkur á óvart frá því að þið tókuð til starfa í skólanum?

Ólöf: Ég kann mjög vel við mig hér og „móralinn“ er góður.

Sigga: Það er ósköp notalegt að vinna hérna. Andrúmsloftið er gott og húmorinn hjá starfsfólkinu í góðu lagi. Svo kom það mér dálítið á óvart hvað gömlu kennararnir mínir eru unglegir ennþá!

Jón Þór: Það er gott að starfa í Grundaskóla. Það sem hefur komið mér helst á óvart er minni áhugi og metnaðarleysi nemenda í íþróttum.



1. ÁKG og RE

1. SI



2. LK

2. ÓG



2. SG



3. EJ



3. HH



4. ÁE





4. JK



5. HJ



5. SG



6. BJ



6. EPS



6. SP




7. GS



7. LK



8. GSH



9. SR



8. LJ



10. RE



8. SK



10. SA



9. RÁ

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Guðbjartur Hannesson

Umsjón með útgáfu:

Sigurður Arnar Sigurðsson

Prentvinnsla:

Prentverk Akraness hf.





vinnusvæði

nám er vinna

NÁMS
MANNNA
LÍNAN

Gullreikningur • Bílprófsstyrkir •
Heimilisbankinn • Skipulagsbók • S

Grundaskóli

16759461

alán • Tölvukaupalán
þennandi utanlandsferðir

 **BÚNAÐARBANKINN**
-Traustur banki

